

51. stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands, haldinn að Austurvegi 56, Selfossi, 10. september 1997, kl. 11.30.

Mættir: Karl Björnsson, Guðmundur Hermannsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson og Þorvarður Hjaltason.

Dagskrá:

1. Fundargerð fulltrúa Sláturfélags Suðurlands, Fóðurstöðvar Suðurlands, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Sorpstöðvar Suðurlands um kjöt- og sláturvinnsluúrgang.

Til kynningar.

Í fundargerðinni kemur fram að verið er að kanna möguleika úrvinnslu kjöt- og sláturúrgangs og mun Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands hafa forystu um gerð skýrslu sem lögð verður fram á næstu vikum.

2. Tilnefning fulltrúa í sáttanefnd sbr. samþykkt aðalfundar 23. maí sl. sem frestað var á síðasta fundi.

Samþykkt var að tilnefna Karl Björnsson í nefndina. Borist hafa tilnefningar; frá Ölfushreppi um Bjarna Jónsson og Sorpstöð Rangárvallasýslu; Guðmund Inga Gunnlaugsson.

Óskað er eftir að Guðmundur Ingi Gunnlaugsson boði nefndina til fundar.

3. Staða Auðsholtsmála.

Jón Ólafsson hrl. greindi frá stöðu málaferla eigenda Auðsholts gegn Sorpstöð Suðurlands og þeim vörnum sem hann hyggst halda uppi í málinu.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 13:45.

Þorvarður Hjaltason.